

## HEYSKAPUR-eintak kennara

Þetta verkefni er hægt að nota m.a. við kennslu bókarinnar *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* (sjá kaflann „Heyannir“). Einnig tengjast myndirnar bókum á borð við *Ísland áður fyrr* og svipuðu námsefni sem notað er við kennslu samfélagsreina.

Heyjað var yfir sumartímann á Íslandi. Var þetta mjög mikilvægur tími því heyja þurfti nógu mikið svo það myndi duga handa dýrunum yfir veturinn. Eitt af gömlu, íslensku mánaðarheitunum er *heyannir* sem eru upp úr miðjum júlí og fram í ágúst. Í gamla daga voru engar dráttarvélar eða vélknúin tæki til að nota við heyskapinn. Allir á heimilinu hjálpuðust að við verkin.

### 1. SKOÐIÐ MYNDIRNAR VEL

- a) Tengid saman myndir og setningar      b) Merkid myndirnar í rétttri röð frá 1-5

#### Á MYNDUNUM ER FÓLK AÐ:


2. RAKA HEY OG SNÚA

3. BINDA BAGGA

1. SLÁ GRAS MED ORFI OG LJÁ

4. FLYTJA HEY

5. STAFLA HEYI Í SÁTU



## 2. SEMJID SÖGU EÐA LJÓÐ UM MYNDIRNAR

Hér væri sniðugt, áður en sögur og ljóð eru skrifuð, að vekja nemendur til umhugsunar um ýmis atriði sem tengjast myndunum, til dæmis:

- Nöfn fólksins (hvað ætli fólkið heiti?)
- Búsetu (hvar búa þau?)
- Störf barna og fullorðinna
- Klæðaburð
- Tækni/skort á tækni
- Árstíðabundin störf
- Áhrif veðurs á líf fólks “í gamla daga”